

- Hólavallagarður 180 ára
- Sögusetur í sandinum
- Bættur rekstur og betri nýting
- Rekstrarvandi kirkjugarðanna
- Ljóðabálkur til heiðurs vökukonu
- Hleðslumaðurinn Sveinn Einarsson
- Grafir franskra sjómanna á Vestfjörðum

ORAX Sigtæki

með rafmagnshleðslu



Efni:
hleðslukassi úr áli
rör úr ryðfríu stáli.


Lengd: 225
Færanleg breidd: frá 69 - 94 cm
Þyngd: 38 kg

BIKAB flokkunar- gámar



- Flokkun úrgangs
- Gámurinn er heitgalvanísieraður m/glansáferð
- Tvær einingar f/úrgang úr svörtu polyethylíni
- Lokur úr áli
- Klæðning: dökkgræn

Grafarklæði / graframmi



Þekur hliðar grafarinnar til botns og þekur gröfina allan hringinn. Samanstendur af tveimur löngum plönkum og tveimur t-formuðum endastykkjum.

K-60 Dreifari f / salt & sand



- Rúmmál: 60 lítrar
- Dreifubreidd: 0,6 m
- Þyngd 31 kg
- Fyrir jarðveg, sand og salt.

Lágur þyngdarpunktur og meðfærilegur.
Er einnig nothæft sem venjulegar hjólbörur.

RölTec vatnspóstar



Mobilplant sjálfvökvunar kassar



MobilPlant
til í meðfylgjandi stærðum:
65 x 30 cm ferhyrndur
60 x 40 cm ferhyrndur
40 x 30 cm ferhyrndur
50 x 30 cm rúnnaður

Bentzen As

Solgård Skog 4, 1599 Moss, Norge.

Telefon: +47 69 24 49 40 Telefaks: +47 69 24 49 44

www.bentzenas.no



Pixy liðléttingar

Goupil rafmagnbílar

John Deere sláttutæki



Íslyft ehf

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
Sími 564-1600 islyft@islyft.is
www.islyft.is

Ath. rafmagnsbílar undanþegnir virðisaukaskatti

Reynt til þrautar

Sterk tengsl eru á milli Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ) og Kirkjugarða Reykjavíkur-prófastsdæma (KGRP). Undirritaður er formaður KGSÍ og á skrifstofum KGRP eru unnin flest þau störf sem KGRP hafa tekið að sér í þágu sambandsins, s.s. störf formanns, gjaldkera, bókara og almenn skrifstofustörf. Þar fara einnig fram mánaðarlegar greiðslur af framlagi ríkisins til presta og kirkjugarða landsins vegna greftrana og umhirðu. KGRP og KGSÍ eru þar af leiðandi samtvinnuð ef svo má segja og sömu hagsmunir eru hjá báðum aðilum.

Á aðalfundi Kirkjugarðasambands Íslands, sem haldinn var á Ísafirði vorið 2017, var samþykkt tillaga frá undirrituðum um aðgerðaráætlun til að freista þess að knýja fram leiðréttingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða. Tillagan var í stuttu máli sú, að ná saman hópi KGSÍ fólks sem hefði aðgang að stjórnmalámönnum með það að markmiði að kynna þeim pattstöðuna í viðræðum við dómsmálaráðuneytið og vanefndir sammingsins sem gerður var milli ríkisins og kirkjugarðaráðs 2005 um fjárframlag til kirkjugarða landsins. Með tillögunni var þess vænst að þoka mætti málinu áfram og mynda stuðningshóp meðal þingmanna inn á Alþingi Íslendinga. Að tillögu undirritaðs tilnefndi aðalfundurinn 5 menn í vinnuhópinn: Albert Eymundsson, stjórnarmann hjá KGSÍ, Egil Heiðar Gíslason, stjórnarmann hjá KGRP, Magnús Gunnarsson, stjórnarmann hjá Kirkjugarði Hafnarfjarðar, Svein Valdimarsson, stjórnarmann hjá Kirkjugörðum Keflavíkur og undirritaðan. Tilnefndir samþykktu setu í hópnum.

Vinnuhópurinn kom saman á tveimur fundum um haustið og lagði á ráðin. Þingmönnum var ráðað niður á hópinn og síðan voru samin bréf og útskýringarblöð um fjármál kirkjugarða og tillögur til úrbóta voru lagðar fram. Strax um vorið 2018 var þráðurinn tekinn upp og þá hófust fundahöld með þeim þingmönnum sem gáfu kost á sér. Tveir fundir voru haldnir með fjárlaganefnd og báru þeir þann árangur að fjárlaganefnd setti inn á fjárlög 50 m.kr. aukafjárveitingu, sem reyndar var lækkuð um 14 m.kr. við þriðju umræðu og fékkst ekki viðhlitandi skýring á því. Auk þessa fékk stjórn KGSÍ til liðs við sig almannatengil til að greina úrlausnarefni og sóknarfæri



Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ
og forstjóri KGRP

og útbúa staðreyndablöð sem afhent voru á þeim fundum sem haldnir voru með ráðamönnum. Aftar í blaðinu má sjá sýnishorn af þeirri vinnu. Þessum blöðum, sem við nefnum staðreyndablöð, var dreift til alþingismanna og ráðherra og víðar.

Þess má geta í tengslum við þessa umræðu að kirkjugarðaráð hefur á fundum sínum rætt um að málsókn valdra kirkjugarða gegn ríkinu vegna vanefnda á samningnum frá 2005 sé hugsanleg leið til að hreyfa við málinu. Kirkjugarðaráð fékk álit Gests Jónssonar hrl. varðandi þessa leið sem talin er möguleg og aðilar að slíku máli verði að vera einhverjir ákveðnir kirkjugarðar. Stjórn Kirkjugarða Akureyrar samþykkti að vera með í slíkri málshöfðun og framvæmdastjórn KGRP einnig ef vænlegt þætti. Álit kom frá lögmanninum og á grunni þess þótti kirkjugarðaráði ekki vænlegt að efna til málsóknar.

Við, sem störfum hjá kirkjugörðum, höfum undanfarin ár rætt við og skrifað ráðherrum fjármála og dómsmála um nauðsyn þess að leiðrétta framlag ríkisins til kirkjugarða. Því miður höfum við fundið að þar er áhugi fyrir mála-flokknum mun minni en hjá þjóðinni sem hefur stutt þá til valda og raunar stefnir skeytingarleysi þeirra rekstri kirkjugarða í voða. Spyrja má hvert þjóðfélag okkar sé komið þegar einn eða tveir einstaklingar, sem kosnir eru til ábyrgðarstarfa, geta lagt skollaeyru við málaflökki sem þeir hafa ekki áhuga fyrir en þjóðin í heild ber fyrir brjósti. Hér er reyndar ekki aðeins um áhugaleysi þessara



ráðherra að ræða heldur einnig vanefndir þeirra við þjónustusamning sem forverar þeirra gerðu árið 2005 og er enn í gildi að því leyti að samkomulaginu hefur ekki verið sagt upp.

Allt frá árinu 2009 til 2018 hefur verið vakin athygli á misgengi samkomulagsins frá 2005. Margir hafa lagt hönd á plóginn og reynt hefur verið til þrautar en án árangurs. Ekki verður annað séð en fjármálaáætlun núverandi ríkisstjórnar fyrir árin 2020 til 2024 (5 ára áætlun) muni afhenda kirkjugörðum til reksturs framlag sem hefur verið skert um rúmlega 40% miðað við

samkomulagið frá 2005. KGRP hafa undanfarin ár mætt þessari skerðingu með fækkun sumarstarfsmanna um 50% frá 2009. Lengra verður ekki gengið í þeim efnun.

Á næstu árum munu nokkrir af þeim, sem stýrt hafa málefnum kirkjugarða, rýma til fyrir yngra fólki sem vonandi vill koma til starfa. Málaflokkurinn þarf kjarkmikið fólk, fólk sem þorir að tefla fram skoðunum og heiðarlegum vinnuaðferðum sem vænlegar eru til að breyta viðhorfi ráðamanna til kirkjugarða og reksturs þeirra.

Minning sem lifir



Álskildir – koparskildir – krossar – merkingar fyrir duftker

HELLA ehf. Málmsteypan

Kaplahrauni 5 - 220 Hafnarfjörður - Sími 565 1022 - hella@hella.is - www.hella.is



Heimir segir að vegna fjárskorts á undanförunum árum hafi eingöngu verið hægt að sinna grasslætti og halda stéttum og opinberum svæðum, sem eru mest áberandi, hreinum og sléttum. Önnur brýn verk hafi orðið að sitja á hakanum.

Kirkjugarðar endurspeglar skipulags- hugmyndir hvers tíma

Rætt við Heimir Björn Janusarson í tilefni af 180 ára
afmæli Hólavallagarðs við Suðurgötu

Í lok nóvember á síðasta ári var þess minnst að 180 ár eru frá því Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu var tekinn í notkun 1838. Kirkjugarðurinn hefur í gegnum tíðina gegnt veigamiklu hlutverki í lífi og sorgum landsmanna og þar liggja saman háir sem lágir; helstu listamenn og stjórnálamenn á 19. og 20. öldinni, persónur og leikendur í pólitískum átakamálum í fullveldis- og sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar sem og öll alþýða manna.

Til varnar smitsjúkdómum

Svæði Hólavallagarðs markast af Suðurgötu, Hringbraut, Ljósvallagötu og Hólatorgi og Kirkjugarðsstíg. Strax árið 1918 var búið að hlaða metersháan steingarð í kringum allt kirkjugarðssvæðið sem tekið var í notkun í áföngum. Kirkjugarðurinn hefur lengst af verið áberandi kennileiti í bænum og þótt honum hafi í upphafi verið valin staður utan byggðarinnar þróaðist byggðin þannig að hann var fljótlega orðinn miðsvæðis.

Hólavallagarður tók við af Vikurgarði sem í dag hefur

Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð
Gufuneskirkjugarð Fossvogskirkjugarð
Sólland og Kópavogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá kl. 9 - 16
í síma 585 2700 og 585 2770.

Einnig er hægt að panta beint af
vefnum www.kirkjugardar.is



- Bálfararbeiðni
- Skipulag útfarar
- Æviágrip í Legstaðaskrá

www.kirkjugardar.is

verið nefndur Fógetagarður á horni Aðalstrætis og Kirkjustrætis. Sá garður var fullnýttur þegar farið var að huga að nýjum kirkjugarði, en það var ekki eina ástæða flutningsins.

„Á tíma endurreisnarinnar í Evrópu og á Íslandi áttuðu menn sig á að það voru tengsl á milli kirkjugarða og smitsjúkdóma. Vikurgarður var í miðbænum og með vatnsbrunn í horninu sem var eitt af vatnsbólum bæjarins í Aðalstræti. Það var kannski ekki skrýtið að taugaveiki var nánast daglegt brauð hér í bænum,“ segir Heimir Björn Janusarson, umsjónarmaður Hólavallagarðs. Hann segir að sá sem barðist hvað harðast fyrir flutningi garðsins, meðal annars af heilbrigðisástæðum, hafi verið danskur stiftamtismaður, Lorentz von Krieger. Sama þróun hafi verið í gangi annars staðar í Evrópu.

Skipulagshugmyndir þess tíma

Heimir segir skipulag garðsins og reyndar annarra kirkjugarða í borginni endurspeglar skipulagshugmyndir eins og þær voru á hverjum tíma. Þannig sé elsti hluti Hólavallagarðs frekar óskipulagður og lítið um beinar línur eins og var einkennandi fyrir götur bæjarins á fyrri hluta 19. aldar. Beinu línurnar í skipulag garðsins komu hins vegar á fyrri hluta 20. aldar fyrir áhrif Guðmundar Hannessonar læknis og eins helsta frumkvöðuls íslenskra skipulagsmála. Síðasta viðbót garðsins, svæðið við Hringbrautina, var tekið í notkun í kringum 1930 en á sama tíma var verið að skipuleggja Hringbrautina og Snorrabrautina og segir Heimir þann hluta garðsins svipa um margt til skipulagsins í Norðurmýrinni. Þar eru steyptir reitir og sömu skipulagshugmyndir í gangi.

Að sögn Heimis hélt skipulagið áfram að þróast í Fossvogskirkjugarði. Á árunum 1950 til 1960 hafi nýtingarhlutfallið hækkað og menn byrjað að gróðursetja tré í hverjum reit. Þar eru breiðar götur í kringum grafar-svæðin en ekki innan þeirra. „Nýjasta svæðið í Fossvogsgarði er tekið í notkun á sama tíma og Árbæjarhverfið og Hraunbærinn. Þar eru þéttar grafir með grænum grasflötum í kring alveg eins og í Hraunbænum.“ Loks nefnir Heimir kirkjugarðinn í Gufunesi sem er skipulagður á sama tíma og Grafarvogshverfið. „Þar snérist allt um bíla og bílastæði og það var hægt að keyra upp að hverju einasta leiði. Mér ofbauð þegar ég tók við sem forstöðumaður garðsins fyrir einum 10 árum og fékk leyfi til þess að loka grafarstígum fyrir umferð. Á sama tíma var borgin að setja upp hraðatakmarkanir í götunum í kring. Þannig helst þetta í hendur, en hvort er það pólitíkin eða tíðarandinn sem stjórnar þessu?“ Hann bætir því við að með mikilli fjölgun bálfara fjölgi duftkerjum sem sett eru niður í gamla reiti í Hólavallagarði og því megi segja að þar sé í gangi ákveðin þétting byggðar eins og annars staðar í 101 Reykjavík.

Stærsta útilistasafn landsins

Að sögn Heimis er stöðug umferð um Hólavallagarð. Fólki stytti sér gjarnan leið í gegnum garðinn og þá sé hann



Veglegur minnivarði um Steingrím Jónsson fyrrum biskup Íslands endurspeglar ólíka stöðu kynjanna á mörgum minningarmörkum í garðinum. Aftan á legsteini hans er látlaus skjöldur um eiginkonu hans, frú Valgerði Jónsdóttur, sem áður hafði verið ekkja Hannesar Finnssonar biskups sem Steingrímur var um tíma skrifari hjá. Hún erfði fyrri mann sinn og var stórauðug þegar hún giftist Steingrími.

mikið notaðar af skólum fyrir hvers kyns fræðslustarf og loks er garðurinn vinsæll viðkomustaður ferðamanna. „Þegar ég fer með fólk um garðinn eru nokkur atriði sem ég vek gjarnan athygli á. Það er í fyrsta lagi skipulag garðsins og tengsl þess við skipulag borgarinnar. Þá er það hvernig saga kvenna birtist í garðinum. Á legsteinum og minningarmörkum eru karlarnir nánast alltaf skráðir á undan konunum og þeir eru með titla og oft kenndir við þann stað sem þeir koma frá en þær ekki. Minningarmörkin eru fjölbreytt og merkileg heimild um list og handverk fyrri tíðar eins og til dæmis járnkrossar og járngríðingar, eða stakket, sem hér er mjög fágætt úrval af en erlendis var slíkt járnvirki gjarnan brætt til vopnaframleiðslu í stríðsátökum fyrri tíma.“ Hólavallagarður hefur verið nefndur stærsta útilistasafn landsins og af nokkrum gersemum sem þar er að finna nefnir Heimir sem dæmi minningarmörk um Mugg og Sigurð Breiðfjörð og það nýjasta um Erling Blöndal Bengtsson sellóleikara. Elsta minningarmarkið í garðinum er hins vegar stór og sérstakur pottjárnskross sem reistur var yfir Guðrúnu Oddsdóttur sem var jarðsett fyrst allra í garðinum og telst því vökukona Hólavallagarðs. Þetta mun vera með stærstu járnkrossum sem þekkjast.

Erfið fjármál

Heimir segir að framundan sé viðgerð á kirkjugarðsveggnum og hefur Reykjavíkurborg samþykkt að koma að því verki. Hins vegar segir hann fjármál Hólavallagarðs eins og annarra kirkjugarða mjög bágborin. „Þegar



Óviða í evrópskum kirkjugörðum er til jafn mikið af gömlum járngríðingum eða stakkettum í kringum leiði og í Hólavalla-
garði. Erlendis var slíkt járnverk gjarnan tekið og brætt til hergagnaframleiðslu á ófriðartímum.

fjármagn hefur verið skorið niður jafn mikið og raun ber vitni er grassláttur það eina sem við getum sinnt auk þess að halda stéttum og opinberum svæðum, sem eru mest áberandi, hreinum og sléttum. Erfiðari svæðum er lítið sem ekkert hægt að sinna.“ Hann segir að menn vildu

gjarnan geta gert meira í að rétta og laga minningarmerki og sinna snyrtingu á trjám. Aðstandendum finnst þetta sorglegt en utanaðkomandi gestum finnst sumum það sveipa garðinn dulúð að sjá hvernig mosinn breiðir úr sér og tímans tönn vinnur á umhverfinu.

Bjóðum upp á krossa á leiði

- Trékrossa
- Zinkhúðaða
- Úr ryðfríu stáli
- Áletrum plötur

Eigum margar gerðir af krossum

ÚTFARARÞJÓNUSTA
KIRKJUGARÐA AKUREYRAR
Höfði, v/ Þórunnarstræti - 600 Akureyri
Sími 461 4060 - www.kirkjugardur.is/utka

Legsteinar

Bjóðum einnig upp á
uppsetningu og lagfæringar
á eldri steinum.

Persónuleg og fagleg þjónusta.

Sendum um land allt.

Legsteinn.is
Sími 466 3110
legsteinn@legsteinn.is

Keldur á Rangárvöllum

Sögusetur í sandinum



Keldur á Rangárvöllum eru sögufrægur staður og kirkjujörð. Þar var jafnan stórbýli fyrir á öldum.

Ljósmyndir: Björn G. Björnsson.

Á Keldum á Rangárvöllum er einstök heild bæjar- og útihúsa frá fyrri tíð, þau elstu frá 11. öld sem gerir þau að elstu húsum sem enn standa á Íslandi. Auk bæjarhúsa og kirkju eru þar skemmur, smíðja, myllukofi, fjós, hesthús, fjárrétt, miðaldaskáli og jarðgöng. Bærinn er í umsjá Þjóðminjasafns Íslands. Bæjarhúsin eru til sýnis á sumrin. Keldur á Rangárvöllum taka nafn sitt af köldum og tærum uppsprettum sem koma undan Hekluhraunum. Þessi merking orðsins kelda – keldur er horfin úr málinu en kemur fram í nokkrum örnefnum.

Sandfok hefur eytt mjög landi kringum Keldur og hafa bændur þar lengi barist harðri baráttu til að bjarga landinu. Fyrir norðan Keldur var áður gróið land en nú eru þar hraun, orpin sandi. Um miðja 19. öld stórkjóst sandfokið sem talið er að hafi byrjað eftir Heklugosið 1511 þegar þykkt vikurlag lagðist yfir landið suður og

suðvestur af Heklu. Þá fóru Rangárvellir að blása upp og sú þróun hefur haldið áfram þótt baráttan við sandinn hafi skilað góðum árangri. Á því landi sem nú er gróðurlaust voru áður margar jarðir og hafa allt að 18 bæjar-rústir verið taldar í hinu mikla landflæmi sem tilheyrir nú Keldum. Keldnaland er u.þ.b. 20 km langt og allt að 8 km breitt.

Höfuðból til forna

Keldur eru sögufrægur staður og kirkjujörð og þar var jafnan stórbýli fyrir á öldum. Fyrsti bóndi sem getið er um á Keldum var Ingjaldur Höskuldsson og kemur hann við sögu í Njálu og ýmsir bardagar sem segir frá í Njálu voru háðir í landi Keldna. Seinna var jörðin eitt af höfuðbólum Oddaverja. Höfðinginn Jón Loftsson (d. 1197) eyddi elliárunum þar og er talið að hann sé grafinn á Keldum. Hann stofnaði þar klaustur árið 1193 sem var rífið um 30 árum síðar.

Minningin lifir meitluð í stein



STEINKOMPANÍÐ
Viðarhöfða 1



www.steinkompaniid.is

852 6111 852 7111



Dyrnar í skála og búri eru svonefndar dróttir; bogadregið form sem venjulega er tengt rómönskum stíl.



Burðarvirki skálans á Keldum er úr stórviði af Landeyjasandi.



Kirkjan á Keldum var byggð byggð árið 1875. Þar er margt dýrra gripa.

Gamli bærinn á Keldum er stærsti torfbær sem varðveist hefur á Suðurlandi. Bærinn er reistur úr hraungrýti frá Heklu sem nóg er af umhverfis bæinn og rekaviði úr fjörum á Landeyjasandi þar sem Keldur áttu itök. Bærinn hefur verið endurbyggður og fengu húsin á sig núverandi mynd í kjölfar Suðurlandsskjálftanna 1896 og 1912. Frá bænum liggja jarðgöng að bæjarlæknum. Þau eru talin vera frá söguöld og voru týnd í margar aldir en fundust fyrir tilviljun árið 1932.

Langelsta bygging landsins

Skálinn á Keldum er talinn vera eina miðaldabyggingin á

Íslandi og langelsta hús landsins, en elsta mannvirkið eru jarðgöngin frá skálanum sem að líkindum eru ekki yngri en frá Sturlungaöld. Skálinn er með stafverki sem er forn grindargerð og af varðveittum húsum á Íslandi er hann talinn standa næst víkingaaldarskálanum í þróun. Í aldanna rás hefur skálinn á Keldum tekið ýmsum breytingum en alltaf verið á sama stað. Matthías Þórðarson, fyrrum þjóðminjavörður, taldi skálann vera frá 15. öld en nú er talið líklegast að elstu viðir hans séu frá árunum 1500-1600, en þá virðist hann hafa brunnið. Gísli Sigurðsson skrifar um þetta mannvirki í Lesbók Morgunblaðsins árið 2001 og segir þar meðal annars:

„Líkt og enn má sjá á Keldum sneri skálinn langhliðinni fram. Á höfðingjasetrum hafa þetta verið rúmgóðar byggingar, þiljaðar með timbri og til þeirra hefur þurft gilda og góða burðarviði. Skálinn var allt í senn: íverustaður heimilisfólksins, svefnstaður og þar mataðist fólkið. Á öldum fátæktarinnar hafa skálar fyrst minnkað og loks horfið, en þá hafði fólkið fundið sér hlýrra athvarf í þröngri baðstofu. Talið er að skálar á Suðurlandi hafi horfið um og eftir 1800 þegar öll hús sneru orðið stöfnum, og síðar þiljum, fram að bæjarhlaðinu og stéttinni. Þá var baðstofan orðin igildi hins forna skála og á 19. öldinni voru gluggar með gleri komnir til sögunnar. Á Keldum var aldrei hinn dæmigerð gangabær með löngum og dimmum göngum og mörgum röðum bakhúsa líkt og víða hafði verið um aldir.“



Viðsýnt er frá Keldum og m.a. Prihyrning ber við loft.



Gamli bærinn á Keldum er stærsti torfbær sem varðveist hefur á Suðurlandi. Frá bænum liggja jarðgöng að bæjarlæknum og eru þau talin vera frá söguöld.

Merkir gripir í Keldnakirkju

Á Keldum hefur verið kirkja frá fornu fari og er henni nú þjónað frá Odda. Núverandi kirkja er lítil, járnvarin timburkirkja með hefðbundnu sniði, byggð árið 1875 af forsmiðunum Halldóri Björnssyni og Kjartani Ólafssyni. Kirkjan var í öndverðu klædd listapili og rennisúð en var klædd bárujárn í áföngum. Hún var skrautmáluð innan árið 1956 af Jóni og Grétu Björnsson. Kirkjan á Keldum á

marga góða gripi, meðal annars altaristöflu eftir Ámunda Jónson, smíðuð, skorin út og máluð sérstaklega fyrir húsbændur á Keldum árið 1792. Hjörtur Oddsson, snikkari og bóndi í Eystri-Kirkjubæ, smíðaði prédikunarstólinn, altarið og ljósaarma og ártalið 1875, þegar kirkjan var byggð. Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.



SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND



Yfir 100 valmöguleikar af legsteinum

Legsteinar - Stuðlaberg - Saltkristall

sala@minnismerki.is - minnismerki.is - s: 466 2800 / 899 9370

Bættur rekstur og betri nýting

Rætt við Svein Valdimarsson, formann stjórnar Kirkjugarða Keflavíkur



Undanfarin ár hefur verið unnið að endurskipulagningu Hólmsbergsgarðs með það fyrir augum að nýta land betur en skipulag gerði ráð fyrir.

Kirkjugarðar Keflavíkur reka tvo garða, annars vegar gamla garðinn við Aðalgötu en hann er að mestu fullnýttur og svo Hólmsbergsgarð vestan Helguvíkur en það er aðalgrafarsvæði okkar í dag. Við höfum undanfarin misseri verið að endurskipuleggja garðinn með það fyrir augum að nýta svæðið betur og sjáum fyrir okkur að hann muni duga okkur sem grafarsvæði langt fram eftir öldinni, segir Sveinn Valdimarsson, formaður stjórnar Kirkjugarða Keflavíkur í samtali við Bautastein.

Garðurinn eldri en kirkjan

Aðalgötugarður, eins og hann er jafnan kallaður í Keflavík, er allnokkuð kominn til ára sinna en þegar hann var ákveðinn á þessum stað kringum aldamótin 1900 var

enga byggð að finna og holtið berangurslegt. Kirkjugarðurinn hvílir í halla upp með Aðalgötunni og er afmarkaður af misháum steypum veggjum. Á árum áður fannst mörgum bæjarbúum hann vera vin í gróðursnaudu umhverfinu og það er hann raunar enn enda friðsæll og skjólgóður. Í eldri hluta garðsins standa stór og tignarleg tré en á síðustu árum hefur verið grisjað allnokkuð í garðinum til að gera hann aðgengilegri og opnari.

Eins og menn vita er Keflavíkurkirkja á öðrum stað en Aðalgötugarður en kirkjunni var valinn núverandi staður af arkitekt hennar, Rögnvaldi Ólafssyni. Hún er byggð árið 1914 og er ein fegursta steinkirkja meistarans. Um aldamótin hafði að vísu verið langt komið byggingu kirkju, sem Guðmundur Jakobsson hafði teiknað og smíðað en sú kirkja, sem þá var að heita má fullgerð, skemmdist í óveðri í nóvember 1902 og var smíði hennar þá hætt. Altaristaflan í Keflavíkurkirkju er eftir Ásgrím Jónsson og sýnir Jesúm flytja Fjallræðuna en hún hefur verið í kirkjunni allt frá upphafi. Steindir gluggar eftir Benedikt Gunnarsson myndlistarmann prýða guðshúsið. Keflavíkurkirkja er stærst kirkna á Suðurnesjum en í kirkjuskipinu eru sæti fyrir 230 manns og má bæta öðru eins við í safnaðarheimili fyrir fjölmennar athafnir.

Hólmsbergsgarður frá 1975

Núverandi grafarsvæði í Keflavík er í Hólmsbergsgarði og þar eru þegar komnar um 1350 grafir. Undanfarin ár hefur verið unnið að endurskipulagningu garðsins með það fyrir augum að nýta land betur en skipulag gerði ráð fyrir.

„Að baki þeirri ákvörðun er fyrst og fremst sú hugsun að nýta land sem best en einnig að draga úr kostnaði við umhirðu garðsins með því að þetta hann og jafna út mönum og göngustigum sem áður afmörkuðu hann í



Sveinn Valdimarsson, formaður stjórnar Kirkjugarða Keflvíkur. „Áður þurfti bærinn að kosta uppbyggingu garðsins með allmiklum útgjöldum á nokkurra ára fresti en með þessu er þeirra framlagi dreift yfir lengri tíma.“



Upplegg að þéttingu Hólmsbergsgarðs. Lituðu fletirnir sýna ný grafarsvæði með breyttu skipulagi sem tryggir að landið er mun betur nýtt en áður var áformað.

Teikning: Landslag ehf.

marga reiti. Þessar manir voru auðvitað hugsaðar til að mynda skjól en við teljum skynsamlegra að nýta þær undir grafir en reynum á móti að efla ræktun skjólbelta umhverfis svæðið. Hólmsbergsgarður er skv. skipulagi 9,5 ha að flatarmáli en í dag höfum við notað um þriðjung þess svæðis. Ef við horfum til betri nýtingar og svo þeirrar þróunar sem er fyrirsjáanleg að bálfarir munu aukast mjög á næstu áratugum þá dugir þessi garður okkur Keflvíkum næstu áratugina, jafnvel út alla 21. öldina,“ segir Sveinn enn fremur.

Fjárhagsvandi kirkjugarða í landinu hefur verið í umræðunni um langt skeið en hann hefur verið mestur í stærstu görðunum á suðvesturhorni landsins. Stjórn Kirkjugarða Keflvíkur hefur um nokkurt árabíl unnið eftir sérstökum rekstrarsamningi við Reykjanesbæ sem hefur vakið athygli.

Reksturinn gengur vel

„Já, það eru nokkur ár síðan við endurskipulögðum reksturinn hjá okkur og síðan árið 2012 höfum við verið með rekstrarafgang ef undan er skilið síðasta ár, þó mismikinn eftir því um hversu miklar fjárfestingar hefur verið að ræða. Við þurfum að skera verulega niður í okkar rekstri árið 2012 og fækkuðum starfsfólki. Þá gerðum við samning við Reykjanesbæ um fasta upphæð á hverja gróf sem tekin er og innheimtum það gjald einu sinni á ári. Áður þurfti bærinn að kosta uppbyggingu garðsins og girðingar með allmiklum útgjöldum á nokkurra ára fresti en með þessu er þeirra framlagi dreift yfir lengri tíma. Þetta er betra fyrir bæinn en einnig okkur sem fáum þá tiltölulega fast og jafnt framlag til rekstrarins á hverju ári. Einnig rekum við eigin tæki til grafartöku og með sparsemi og ráðdeild er hægt að nýta þau til annarra verka s.s. stækkunar á grafarsvæðum o.fl. yfir allt árið. Þá erum við líka með samning við Keflavíkirkirkju um gagnkvæman samrekstur þar sem skrifstofurekstur er kostaður á móti umhirðu lóðar auk greiðslu frá garði til kirkju. Þannig hefur okkur tekist að halda utan um reksturinn með ýmsum ráðum auk þess sem formaður og stjórn garðanna beita almennri nisku dags daglega á öllum sviðum,“ segir Sveinn.



María Óskarsdóttir. „Ég tel mig vera heppna að hafa byrjað að hafa samband við fólk á sínum tíma þar sem margt af því er nú dáðið og þá er enginn sem veit um þessar staðsetningar; ég var í rauninni of sein að byrja – ég áttaði mig ekki á því þá.“

Grafir franskra sjómanna á Vestfjörðum

María Óskarsdóttir, sem býr á Patreksfirði, hefur í tæpa tvo áratugi safnað heimildum um veru franskra sjómanna við Íslandsstrendur á skútuöldinni og leggur áherslu á Vestfirðina. María skrifaði bók um efnið, hún hefur haldið fyrirlestra og sýningar og hefur áhuga á útbúa heimasíðu þar sem fólk getur fræðst um staðsetningu Fransmannagrafa á landinu.

Franskur maður, Jean-Pol Dumont le Douarec, kom til Patreksfjarðar árið 1983 og leitaði að upplýsingum og heimildum um útgerðarsögu fjölskyldu sinnar við Ísland en forfeður hans höfðu átt skútur sem sigldu hingað til lands. Halldór Árnason, maður Maríu, aðstoðaði hann og fór með hann m.a. út í Sauðlauksdal þar sem a.m.k. 10 franskir sjómenn eru grafnir. Fjölskyldan hélt sambandi við Halldór og eftir að hann kynntist Maríu nokkrum árum síðar og hún flutti vestur fór hún að hafa samband við fólk í bréfléiðis og segir hún að Jean-Pol hafi haft sérstakan áhuga á hvort einhverjar samskiptasögur væru til af svæðinu. „Ég fór að taka viðtöl við eldra fólk í nágrenninu sem sagði mér sögur tengdar frönskum sjómönnum og ég skræði þær niður. Þetta vatt upp á sig og alltaf komu upp nýjar hliðar.“



Annar af tveimur legsteinum við Fjallaskagavita.



Minningarskjöldur um franska sjómenn í kirkjunni á Patreksfirði frá 2001.

Fjölbreytt verkefni

María hefur verið ötul við söfnunina sem er áhugamál hennar. Þau hjónin stóðu fyrir fransk-íslenskum sjómannaþegi á Patreksfirði árin 2001 og 2002. Árið 2007 setti hún upp sýningu um franska sjómenn í gamla Kaupfélagshúsinu á Patreksfirði og 2009 hjá Alliance Française í Reykjavík. Árið 2010 fóru hjónin í sýningar- og fyrirlestraferð til Frakklands. Ári síðar setti hún upp sýninguna „Frönsku fiskimennirnir og gamli tíminn“ á Minjasafninu á Hnjóti í Örlygshöfn þar sem hún var þá safnstjóri. Sama ár var María með Power Point myndasýningu á Þjóðhátíðardegi Frakka í Ráðhúsi Reykjavíkur og einnig var farandsýning með efni frá henni sett á fót í Frakklandi. Sams konar sýning var svo sett upp á Íslandi.

María skrifaði bók um franska sjómenn við Íslandsstrendur og samskipti þeirra við Íslendinga. Bókin „Frönsku fiskimennirnir séðir með augum Íslendinga“ kom út árið 2012 í Frakklandi og ári síðar á Íslandi. Í bókinni eru 64 sögur um samskipti Íslendinga og Frakka á skútuöldinni og 220 myndir og teikningar.

Þau hjónin fóru árið 2013 með farandsýningu hennar, „Frönsku fiskimennirnir á faraldsfæti“, um Vestfirði og til Grundarfjarðar. Um haustið kom hún af stað verkefni í Haukadal í Dýrafirði sem fólst í að endurgera gamla, franska grafreitinn þar. „Séra Hildur Inga Rúnarsdóttir, sóknarprestur á Þingeyri, tók svo við verkefninu og sá um að það var klárað af miklum myndarskap.“ María sá sumarið 2014 um viðamikla franska sýningu á Patreksfirði, á vegum franska flotamálaráðuneytisins og franska sendiráðsins, um fyrsta franska vísindaleiðangurinn sem kom til landsins árið 1767. Sýningin var fyrst sett upp í Reykjavík og síðar á Fáskrúðsfirði. María hefur síðan þá verið með sýninguna „Frönsku fiskimennirnir og gamli tíminn“ á heimili sínu á Patreksfirði. Þar eru til sýnis munir og myndir og fjöldi bóka á íslensku og frönsku. Elstu teikningarnar á sýningunni eru eftir franskan listmálara sem kom til Patreksfjarðar árið 1772.



Kápmmynd af bók Maríu sem kom út árið 2012 í Frakklandi og ári síðar hér á landi.

María hefur haldið fjölda fyrirlestra um efnið og klæðist þá íslenskum þjóðbúningi og gerir hún það til að heiðra minningu sjómanna.

Dysjaðir og grafnir

María hefur lagt áherslu á að safna heimildum um hvar franskir sjómenn eru grafnir og hvar skúturnar fórust og safnar hún heimildum alls staðar að af landinu. Hún fór árið 2015 að einbeita sér að því að finna sem flestar

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA FYRIR ÍSLENSKT VEDURFAR

VANDAÐIR KROSSAR Á LEIÐI

3ja ára ábyrgð

JS LJÓSAMIDJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN

Skemmuvegur 34, Brún gata | 200 Kópavogur
velaverkjs@simnet.is | velaverkjs.is / slattuvel.is

S. 554 0661



Fransmannagröf í Ystadal í Arnarfirði.

staðsetningar á frönskum gröfum og dysjum og hafði samband við fjölda manns á Vestfjörðum og á Snæfellsnesi auk þess sem hún hafði samband við fólk á Austfjörðum og víðar.

„Ég tel mig vera heppna að hafa byrjað að hafa samband við fólk á sínum tíma þar sem margt af því er nú dáíð og þá er enginn sem veit um þessar staðsetningar; ég var í rauninni of sein að byrja – ég áttaði mig ekki á því þá. Það


eru þó til ýmsar heimildir um þetta svo sem í gömlum dagblöðum og ég hef í vetur verið að lesa um 150 ára gömul dagblöð sem búið er að skanna á timarit.is. Í einu blaðinu er til dæmis lýst franskrí útför á Akureyri alveg í smáatriðum en Íslendingum kom það mjög á óvart hvernig þetta fór fram.“ María segir að í sumum tilfellum hafi heimafolk og kunnugir farið með hana á staði þar sem vitað er hvar franskir sjómenn eru grafnir.

Hún segir að Frakkar hafi ekki eytt miklum tíma í að jarða landa sína hér á landi. „Þeir vildu ekki henda líkunum í sjóinn heldur koma þeim einhvers staðar í land, dysja þau og setja einfaldan trékross á dysina. Þessir staðir eru oft á óaðgengilegum stöðum. Það er svo skrýtið með þessar grafir að þær eru oft bara nokkur hundruð metra frá kirkjugarði. Ég veit ekki skýringuna á því; frönsku sjómennirnir voru kaþólskir og kannski hefur ekki þótt við hæfi að grafa þá í lútherskum kirkjugarði. Það er til dæmis leiði niðri á bökkunum við Álftamýri í Arnarfirði og sést heim að kirkjunni. Það er svona víðar. Um 10 sjómenn voru grafnir í Sauðlauksdal. Á tímabili var farið að grafa þá miðja vega á leiðinni upp að kirkjunni. Það var langt og erfitt fyrir félagi þeirra að bera þá alla leið og var látið duga að grafa þá við stóran stein. Síðar færðu heimamenn líkin í kirkjugarðinn.“

Um 40 staðir

María segist vera búin að staðsetja grafir franska sjómanna á rúmlega 40 stöðum á Vestfjörðum og á Snæfellsnesi. „Á sumum stöðunum eru grafnir fleiri en einn. Elin Pálmadóttir, sem ritaði bókina Fransí Biskví, talar um 34 sem hafi verið grafnir á Staðarstað á Snæfellsnesi eftir mannskaðaveðrið mikla 1870. Á Patreksfirði eru fjórar til fimm grafir sem ég hafði ekki hugmynd um fyrr en ég fór að tala við eldra fólk. Það sama er að segja um Tálknafjörð og í Dýrafirði er grafreitir sem var gerður 1937 þar sem eru 12-15 grafir. Svo er ein gröf í gamla

FALLEGIR LEGSTEINAR



Bergsteinar
legsteinagerð efh.

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Frönsk dys innan við Suðureyri í Tálknafirði.

kirkjugarðinum á Ísafirði og í Kirkjubólskirkjugarði í Öndarfirði. Ég á eftir að fara á Strandirnar en þar eru nokkrar grafir sem ég hef heyrt af. Þetta er bara svoltið



Minnismarki franskra sjómanna á Patreksfirði.

erfitt. Það kostar sitt að fara þó ég reyni að hafa kostnað í lágmarki; þetta er aðeins áhugamannadæmi. Ég er ekki með styrki. Ég hef að undanfögnu verið að setja inn á kort af Vestfjörðum staðsetningar og ártöl á ströndum og greftrunum," segir María sem langar til að búa til heimasíðu tengda þessu verkefni. „Ég er að reyna að gera þessa sögu sýnilega. Kannski er ég að berjast við vindmyllur en ég tel mig vera að gera eitthvað gagnýtt sem verður jafnvel tekið eftir þó það verði ekki fyrr en ég verð löngu dauð. Þá verða heimildirnar þó tiltækar á einum stað.“

4-hjóla stýrðar hjólaskóflur



Fjór hjólastýrðar hjólaskóflurnar frá KRAMER eru lágbyggðar og stöðugar. Þær eru fánlegar með lyftigetu allt að 4,3 tonnum. Möguleiki á 40 km aksturshraða. Staðalbúnaður er 4hjólástýri, framhjólástýri og krabbastýri, loftþrúðafjaðrandi öikumannssæti og aksturshraði stillanlegur óháð mótoraða, skófla og gafflar. Kíkið við hjá okkur á Krókhálsi 16 og kannið nánar kosti KRAMER hjólaskóflanna.



KRAMER



REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnes 8
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Ljóðabálkur til heiðurs vökukonu

Guðrún Rannveig Stefánsdóttir hefur samið 30 ljóð sem hún tileinkar Guðrúnu Oddsdóttur, vökumanni Hólavallagarðs og öðrum konum sem þar hvíla. Ljóðabálkurinn verður gefinn út í bókinni Vökuljóð. Þann 8. febrúar sl. kom saman hópur fólks í garðinum og þar las höfundur og Guðrún Gísladóttir leikkona upp nokkur ljóðanna.

Guðrún Rannveig Stefánsdóttir var fyrir nokkrum árum í meistaranámi í ritlist við Háskóla Íslands. Hún átti að vinna verkefni og ákvað að skrifa ljóðabálk um Guðrúnu Oddsdóttur, vökumann Hólavallagarðs.

„Það er gömul íslensk hefð að kalla þann fyrsta sem grafinn er í nýjum kirkjugarði vökumann garðsins. Til forna trúðu menn því að viðkomandi tæki á móti sálum þeirra sem jarðaðir væru í garðinum og veki yfir þeim. Guðrún Oddsdóttir dó árið 1838 og var Hólavallagarður vígður þá en hún var fyrst allra grafin í garðinum. Ég var búin að vera hrifin af sögu Guðrúnar Oddsdóttur og garðinum sem slíkum af því að það er svo ótrúleg saga í þessum garði og gaman að ganga þar um. Ég ákvað að skrifa ljóðabálk um Guðrúnu og svo fór ég að yrkja ljóð um fleiri konur sem hvíla þar. Ég byggði ljóðin á staðreyndum auk þess sem ég skálda ýmislegt.“

Draumkenndur og frjálsgur stíll

Guðrún Rannveig segir að ljóðabálkurinn sé þrískiptur. „Hann byrjar á upphafi vökunnar hjá Guðrúnu í garðinum. „Það eru ljóð þar sem hún er ljóðmælandi. Raddir annarra kvenna sem hvíla í garðinum eru í öðrum hluta og ljóðin í þriðja hluta eru um veru Guðrúnar í garðinum til eilífðarnóns en sem vökumaður vakir hún yfir garðinum svo lengi sem þar er grafið. Þetta eru fríljóð, sem einkennast af frjálssu formi. Það er ekki mikið um rím heldur er um að ræða stuttar sögur, byggðar á sögu Guðrúnar og tilfinningu fyrir garðinum svo sem hvaða innblæstri ég verð fyrir þegar ég geng um garðinn.“

Guðrún Rannveig segist oft hafa gengið um Hólavallagarð sem og kirkjugarða hér heima og erlendis. „Ég hef yndi af að ganga um kirkjugarða. Maðurinn minn er steinsmiður og hefur verið að búa til legsteina og gera við gamla legsteina og ég held ég hafi orðið fyrir áhrifum frá honum. Það sem heillar mig mest eru sögurnar á bak við nöfnin sem eru á steinum og krossum í kirkjugörðum – hvaða líf og saga geymir sig á bak við nöfnin.“

Guðrún Rannveig segir að stíll ljóðanna sé draumkenndur og frjálsgur. „Ég sé ljóðin fyrir mér eins og drauma og minningar. Það var mjög gefandi að vinna við þetta og verkefnið varð stærra en ég ætlaði mér.“ Bók með



Hópur fólks kom saman í Hólavallagarði 8. febrúar sl. þar sem lesin voru upp ljóð, tileinkuð vökumanni garðsins.

Ljóðunum, Vökuljóð, sem og æviágripi Guðrúnar Oddsdóttur kemur út í vor.

Greftrun

Af jörðu ertu komin, að jörðu skaltu aftur verða

Ég sé ekki
en ég heyri
heyri fótatak fylgdarmanna
heyri sálma
heyri skráf í blaðsíðum
heyri dökka mold sáldrast
kalt og rakt nóvemberloftið
smýgur gegnum óþéttan viðinn
presturinn lofar mér löngum svefni

Veit henni, Drottinn, þína eilífu hvíld
og lát þitt eilífa ljós lýsa henni.

ljúft að liggja
með augun aftur
dvelja í myrkrinu
gleyma öllu
hér í nyrsta horni garðsins
hefur mér verið valinn
öruggur bólstaður
fullkomið næði
ótruflaður svefn

Í jurtagarði drottins

Á daginn dvel ég innan um rætur trjáanna
á nóttunni reika ég í skugga þeirra
í þessum garði eru allir jafnir
öll blóm jafn mikilvæg
allar rætur njóta sömu næringar
öll tré birtu sömu sólar



„Ég sé ljóðin fyrir mér eins og drauma og minningar.

stytti mér stundir
uppgötva nýjar jurtir
fágætar tegundir
arfa og fegurstu skrautblóm
burnirót rökkurffjóla gullklukka
gleymmérei blágresi barðastrý

Ótal grænir litir

Í garði þessum grafin fyrst allra
Ég strýk höndunum
yfir smaragðsgrænan kjólinn
kjóllinn er úr þungu flaueli
strýkst við jörðina þegar ég fer um
grænn er róandi litur var mér sagt
hefur sefandi áhrif á sálirnar

Hér eru margir grænir litir
dökkgrænn mjúkur mosinn
umlykur allt
feyskna trjáboli
gróna steina
ryðgaða járnrimla
spanskgræna koparstafi
fagurgræn lauf
iðjagrænt grasið
ljósgræn birtan
sægræn þétt dimman
bylgjast fyrir ofan allt
byrgir mér sýn

Í garði þessum mun ég leggjast til hvílu síðust allra

Guðrún Oddsdóttir

Guðrún Oddsdóttir fæddist árið 1779 og lést árið 1838.

Hún fæddist á kirkjustaðnum Reynivöllum í Kjós, dóttir séra Odds Þorvarðssonar og Kristínar Hálf-danardóttur. Hún flutti í þar næstu sveit eftir fermingu og 22 ára var hún vinnukona á stórbýlinu Hvanneyri sem liggur á bókum Hvítár í Borgarfirði. Hún missti bæði föður sinn og tvo bræður og er talið að það hafi veikt samfélagslega stöðu hennar þar sem hún hafði engan karlmann skyldan sér til að bera hag sinn fyrir brjósti.

Hún gekk að eiga ekkilinn Stefán Stephensen amtmann árið 1809 en hann ásamt bróður sínum tók á þessum tíma tímabundið við öllum völdum á Íslandi í umboði danskra yfirvalda eftir misheppnað valdarán Jörundar hundadagakonungs. Guðrún varð húsfreyja á Hvítárvöllum árið 1811 og var margt í heimili fyrir utan stjúpbörn hennar og börn þeirra Stefáns. Hún vað ekkja árið 1820 en giftist síðan Þórði Sveinbjörnssyni lögfræðingi árið 1822 en hann varð síðar sýslumaður í Árnessýslu. Þau eignuðust tvö

börn og bjuggu í Hjálmholti. Guðrún missti sum barna sinna á þessum árum.

Guðrún bjó síðast á Nesi við Seltjörn og varð hún sjúklingur og upp á aðra komin. Hún lést árið 1838 og var grafin í nýjum kirkjugarði í Reykjavík, Hólavalla-garði, fyrst allra. Útförinni lýsti séra Siggeir Pálsson, prestur á Skeggjastað, á þennan hátt:

„Ég man það þó alténd að hún frú [Guðrún Oddsdóttir] Sveinbjörnssen í Nesi andaðist hérna um daginn og var grafin í nýja kirkjugarðinum, sem stendur á Hólavelli, fyrst allra manna. Kirkjugarðurinn var vígður um leið af s[é]ra Helga; þar fór allt mjög svo hátíðlega fram og hefi ég ekki verið við neina guðsþjónustugjörð sem mér hefur þótt hátíðlegri eða skemmtilegri. Ræðurnar voru fallegar og hrærandi, söngurinn mikill og dáindis snotur og aldrei hef ég séð jafnmargar manneskjur saman safnaðar og þar voru.“

Æviágrip Guðrúnar eftir Sólveigu Ólafsdóttur sagnfræðing en það birtist í bókinni Vökuljóð.

Aðalfundur KGSÍ 2019 á Hallormsstað

Tuttugasti og fjórði aðalfundur KGSÍ verður haldinn á Hótel Hallormsstað 8. júní nk.

Dagskráin verður fjölbreytt að vanda:

Nýja skráningarkerfið

- Arnfinnur R. Einarsson tölvumaður hjá KGSÍ fer yfir helstu þætti þess.

Framkvæmdir í fjórðungnum

- Guðmundur Rafn Sigurðsson frkv.stj. Kirkjugarðaráðs fer yfir framkvæmdir hjá kirkjugörðum í Austfjarðarfjórðungi.

Fjármál kirkjugarðanna

- Stjórn KGSÍ gerir grein fyrir því átaki sem farið var í á síðasta ári og varðar fjármál kirkjugarða og kynningu á erfiðri fjárhagsstöðu kirkjugarða landsins.

Framkvæmdir við kirkjugarðinn á Eyðum

- Þórhallur Pálsson sóknarnefndarformaður og arkitekt.



Aðalfundurinn verður haldinn á Hótel Hallormsstað þetta árið.

Rafmagnsverkfæri í kirkjugörðum

- Kristján Linnet garðyrkjumaður hjá KGRP.

Afhending heiðursfélagsskirteina

Erindi heimamanns

- Skúli Björn Gunnarsson flytur erindi heimamanns.

Eftir fundin verður farin skoðunarferð í boði KGSÍ um nágrennið og um kvöldið snæða aðalfundarfulltrúar og makar þeirra saman kvöldverð á Hótel Hallormsstað og skemmta sér saman eftir borðhaldið. Reiknað er með góðri þátttöku.

Þeir sem ætla að vera með á Hallormsstað og hafa enn ekki skráð sig er bent á slóðina: gardur.is/adalfundur.

Skráningartími rennur út 24. maí nk.

www.uth.is
uth@uth.is

FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



ÚTFARARÞJÓNUSTA
HAFNAFJARÐAR

Stapahrauni 5, Hfj.
Sími 565-9775



Frímann
s: 897-2468



Hálfán
s: 898-5765



Ólöf
s: 898-3075



gardur.is



Í minningu látinna

Vefurinn gardur.is veitir á aðgengilegan hátt upplýsingar um legstaði látins fólks á Íslandi. Þar er hægt að fletta upp hvar í kirkjugarði látnir ástvinir hvíla, ásamt fæðingar- og dánardægri. Þessi þjónusta hefur fengið mjög jákvæðar undirtektir og fljótlega komu fram óskir um að aðstandendur geti fengið birtar ítarlegri upplýsingar í minningu viðkomandi einstaklinga.

Til móts við óskir um ítarlegri minningu látins einstaklings

Aðstandendur geta nú, gegn greiðslu, fengið birt efni um látinn ástvin á gardur.is. Upplýsingarnar geta t.d. verið stutt æviágrip, helstu skyldmenn, samferðafólk og myndir.

Hvernig er hægt að fá efnið birt?

Það er auðvelt. Hægt er að óska eftir birtingu í síma 585-2700 og meðfylgjandi ævidrög og mynd, sem eru úr minningargrein Morgunblaðsins, verða birt á legstaðaskránni gardur.is undir nafni hins látna og verða þar um alla framtíð.

www.gardur.is

Vefurinn gardur.is

er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Hann byggir á samvirku gagnasafni og inniheldur leyfilegar upplýsingar um látna einstaklinga og legstað þeirra í kirkjugörðum á Íslandi. Einnig eru þar upplýsingar um kirkjugarða með kortum, texta, myndum og teikningum.

Helstu styrktaraðilar gardur.is eru Alþingi og Kirkjugarðasjóður

Ítarlegri upplýsingar má fá í síma 585 2700 eða á gardur.is



Hópurinn sem stóð að verkinu eftir að búið var að koma skiltinu fyrir. Sr. Magnús Erlingsson er annar frá hægri.

Þar var lengi kirkja og prestssetur

Kirkjustaður var áður fyrir á Snæfjöllum og hét kirkjan Staðarkirkja á Snæfjöllum. Í hittifyrri var sett upp upplýsingaskilti í miðjum gamla kirkjugarðinum á Stað á Snæfjallströnd um kirkjuna og grafreitinn.

„Það var lengi vel búið á allri Snæfjallaströndinni,“ segir sr. Magnús Erlingsson, prófastur á Ísafirði. „Þarna er ekki mikið landrými og er stutt á milli fjalls og fjöru. Fólk lifði af sjósókn en þarna var gott útræði og það eru sögur af prestum sem voru duglegir að róa og voru formenn. Svo lagðist byggð af á svæðinu af því að þetta var frekar harðbýlt og snjóþungt á veturna en þarna er þó skjól fyrir norðanáttinni en þá fellur snjórinn niður og þess vegna heitir þetta Snæfjallaströnd.“

Þarna var kirkja og kirkjugarður og var kirkjan lögð af árið 1868, en hún var þá orðin ónothæf, og var ný kirkja reist í Unaðsdal sem er sunnar við Djúpið. Í dag má sjá tóftir íbúðahúsa og útihúsa á Stað.

Magnús segir að töluvert af göngufólki heimsæki svæðið og var ákveðið að setja upp upplýsingaskilti í miðjum gamla kirkjugarðinum á Stað og var það gert sumarið 2017. „Göngufólk ekur kannski í Unaðsdal eða leggur bílnum við Dalbæ og gengur svo alla leið yfir í Grunnavík og kannski með fram allri ströndinni. Sumir láta jafnvel bát flytja fyrir sig farangurinn í Grunnavík. Fólk getur því séð að þarna var kirkja og kirkjugarður.“

Textinn á upplýsingaskiltinu er bæði á íslensku og ensku en að uppsetningu þess stóðu þeir Guðmundur Rafn



Sunnudaginn 25. júní 2017 var siglt yfir Ísafjarðardjúpið að hinum forna kirkjustað Snæfjöllum.



Séð yfir til Ísafjarðar og Hnifsdals.

Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarðsráðs, og Ólafur J. Engilbertsson, formaður Snjáfjallaseturs. Ferðamálastofa styrktri gerð skiltisins.

„Mér finnst fortiðin skipta máli því að það skiptir máli að vita að fólk hafi búið á þessum slóðum. Það var mikil byggð um allt Ísafjarðardjúpið í gamla daga og ég tek eftir

því að fólk vill vita af þessu og menn vilja halda við fornum minjum eftir því sem hægt er því að sagan hefur merkingu. Það er gaman fyrir ferðafólk að geta tengt staði við sögulega atburði. Og fyrir nútímamanninn er merkilegt að standa þarna og hugsa að þarna hafi fólk búið undir brattri hlið með örfáar kindur og lifað af því að sækja sjóinn.“

Blóm á leiði

Þjófum upp á mikið úrval blóma á grafreiti.



Heiðmörk 38
810 Hveragerði
Sími 483 4800
Fax 483 4005
flora@floragardyrkjjustod.is



FLÓRA
GARDYRKJUSTÖÐ

Fleiri líkbrennslur draga úr stækkunarþörf garðanna


Grafir sem teknar verða á Íslandi á næsta ári 2020 munu þekja tæplega 1,9 hekta eða tæplega 19.000 fm. Þetta samsvarar rúmlega 2,5 löglegum knattspyrnuvöllum (68 m á breidd og 105 m lengd). Í spám Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að fjöldi látinna á hverja þúsund íbúa á Íslandi hækki úr 6,6 dauðsföllum árið 2017 í 9,5 árið 2050. Fjöldi látinna fer samkvæmt því úr 2.251 árið 2017 í 4.132 árið 2050 sem er aukning um 83,5%. Að óbreyttu hefði því mátt gera ráð fyrir mikilli stækkunarþörf garðanna vegna þessa. Hins vegar er búist við því líkbrennslum fjölgi áfram en þær draga mjög úr stækkunarþörf kirkjugarða eðli máls samkvæmt.

Bálfarir aukast ár frá ári

Á síðasta þingvetri kom fram fyrirspurn á Alþingi frá Andrési Inga Jónssyni, þingmanni Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, um eitt og annað sem lýtur að bálförum og kirkjugörðum. Í svari dómsmálaráðherra, sem byggt var á samantekt KGSÍ, kom ýmislegt fróðlegt í ljós. Í fyrsta lagi óskaði þingmaðurinn eftir að vita hversu hátt hefur hlutfall bálfara hafi verið árlega af öllum útförum undanfarin fimm ár. Í ljós kom að hlutfallið var 28,6% árið 2013 en var komið í 35,27% árið 2017. Þess má svo geta að nú liggja tölur vegna 2018 fyrir og þá reyndist hlutfallið vera komið í 39,77%.

Nokkrir knattspyrnuvellir

Áhrif líkbrennslu á stækkun kirkjugarða er auðvitað mikil. Gera má ráð fyrir að bálförum haldi áfram að fjölga og í spá KGSÍ til ársins 2050 er reiknað út frá þremur



Áhrif líkbrennslu á stækkun kirkjugarða er mikil. Ef hlutfall bálfara færi í 70% á landsvisu árið 2050, sem stjórn KGSÍ telur líklegt, dregur stórlega úr stækkunarþörf garðanna auk þess sem auðvelt er að grafa duftker í kistuleiði.

hlutföllum; 50%, 60% og 70%. Ef hlutfall bálfara færi í 70% á landsvisu árið 2050, sem stjórn KGSÍ telur líklegt, dregur stórlega úr stækkunarþörf garðanna auk þess sem auðvelt er að grafa duftker í kistuleiði sem alltaf er að aukast. Sú hagkvæmni er ekki með í þessum útreikningum. Ef líkbrennsla færi í þetta hlutfall um miðja öldina yrði viðbótin aðeins 0,3 ha/ári þrátt fyrir fyrrnefnda spá um vaxandi fjölda látinna. Ef brennslan færi í 60% yrði viðbótin 0,6 ha/ári og færi í samtals 2,5 ha/ári. Ef hins vegar brennslan yrði ekki nema 50% árið 2050 þá þyrftu garðarnir að stækka um 0,9 ha/ári frá því sem nú er eða í samtals 2,8 ha/ári.

EINSTÖK SLÁTTUVÉL FYRIR KIRKJUGARÐA



Vetrarsól ehf.

Askalind 4
Kópavogur
Sími 564 1864
vetrarsol@vetrarsol.is



Stiga Twinclip 50 SB lúxus sláttuvél

- B&S mótur, 625E sería
- Tvískiptur hnifur saxar grasið X-smátt
- Graskassinn losaður m/ einni hendi, 70 lítrar
- Þvottastútur til þrifa á hlemm vélar

Aðalfundur KGSÍ 2018

Fjölbreytt dagskrá í Eyjum



Tuttugasti og þriðji aðalfundur KGSÍ var haldinn í Akogeshúsinu í Vestmannaeyjum 9. júní 2018 og voru fundarmenn 45 og með mökum um 80 talsins. Fjármál kirkjugarða voru fyrirferðamikil og lagt var á ráðin hvernig best væri að ná eyrum ráðamanna. Dagskráin var fjölbreytt og flutt voru mörg erindi.

Guðmundur Rafn Sigurðsson frkv.stj. Kirkjugarðaráðs ræddi um hvernig fólk minnst ættingja og vina með mismunandi minningarmörkum og Sveinn Valdimarsson, stjórnarformaður Kirkjugarða Keflavíkur sagði frá forvitnilegu samkomulagi milli sveitarfélagsins og KGK varðandi rekstur og nýframkvæmdir í garðinum. Þá sagði Kári Aðalsteinsson, garðyrkjustjóri KGRP frá illgresis-eyðingu hjá KGRP.

Rekstrarvandi kirkjugarða var mjög til umræðu á fundinum eins og áður sagði og þeir Þórsteinn Ragnarson, formaður KGSÍ og Albert Eymundsson, formaður Kirkjug. Hafnar í Hornafirði sögðu frá því til hvaða aðgerða sambandið hefði gripið til að reyna að leysa vandann. Þá flutti Ólafur Týr Guðjónsson, framhalds-skólakennari og úteyjakarl, erindi heimamanns.

Eftir aðalfundinn var farin skoðunarferð um bæinn og hin stórmerkilega sýning í Eldheimum heimsótt en hún fjallar um eldgosið í Eyjum 1973. Vakti sýningin mikla athygli gesta. Um kvöldið snæddu aðalfundarfulltrúar og makar þeirra saman kvöldverð á hótelinu. Á sunnudagsmorgni fóru fundarmenn í kirkjugarðinn og skoðuðu



hann undir leiðsögn Halldórs Hallgrímssonar kirkjugarðsvarðar. Eftir að hafa skoðað kirkjugarðinn og kirkjuna kvóddust aðalfundarfulltrúar og allir voru mjög ánægðir með fundinn og allar aðstæður.

Við látum nokkrar myndir eftir Þorgrím G. Jörgensson frá fundinum í Eyjum fylgja með.



Rekstrarvandi kirkjugarðanna

Kirkjugarðarnir eru fyrir alla landsmenn, óháð uppruna þeirra eða trúarbrögðum. Undanfarnir ár hafa kirkjugarðarnir glímt við rekstrarvanda sem reynt hefur verið að bregðast við með aðhaldi og niðurskurði í rekstri. Þessi staða er fyrst og fremst til komin vegna vanefnda ríkisins á þjónustusamningi, sem gerður var árið 2005 og er enn í gildi. Á undanförunum árum hefur ítrekað verið reynt að vekja athygli ráðamanna á því ófremdarástandi sem hefur verið að skapast en án árangurs. Ef fram heldur sem horfir stefnir í óefni í mörgum görðum því þá þarf að draga enn frekar úr umhirðu garðanna og hætta þjónustu sem ekki er lögbundin svo sem rekstri líkhúsa og athafnarýma.

Samningur ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 átti að standa straum af heildarkostnaði við lögbundin verkefni kirkjugarðanna og grundvallaðist á gjaldalikani sem reiknaði út kostnað við þá þætti í rekstri garðanna sem lögbundin eru. Gjaldalikanið átti að tryggja hallalausán rekstur og áttu einingaverðin að breytast í takt við kaupgjald og verðlag á hverjum tíma. Í dag skilar samningurinn einungis um 60% þess lögbundna kostnaðar sem til fellur í rekstri kirkjugarða landsins vegna þess að ríkið hefur einhliða fært niður einingaverð gjaldalikansins.


Á tímabilinu 2009 til 2018 hefur einingaverð gjaldalikansins þannig hækkað um 10,6% á sama tíma og almennt verðlag hefur hækkað um rúm 30% og launakostnaður um 66%. Þá hefur útfararþóknun til presta, sem kirkjugörðum er gert að greiða hækkað um rúm 80% á síðustu fjórum árum.

Mat utanaðkomandi aðila

Þetta mál hefur verið þrautskoðað á síðustu árum og um það skrifaðar nokkrar skýrslur.

- Í skýrslu Capacent ráðgjafar frá 2011 er framlag ríkisins talið of lágt til að kirkjugarðarnir geti staðið undir lögbundnum skyldum sínum.
- Í skýrslu Haraldar L. Haraldssonar hagfræðings frá 2013 er ein helsta niðurstaðan sú að framlög ríkisins dugi ekki til reksturs kirkjugarðanna og að í mörgum tilfellum hafi verið greitt langt undir kostnaðarverði fyrir þjónustu við kirkjugarða.
- Í skýrslu stjórnskipaðrar nefndar um endurskoðun kirkjugarðasamkomulags frá 2016 kemur meðal annars fram að framlag til kirkjugarðanna hafi verið á árabílinu 2005–2015 skert um samtals 1.971 milljón króna að nafnvirði miðað við samkomulagið frá 2005. Þá telur nefndin óheppilegt að kirkjugörðunum sé gert að greiða fyrir útfararþjónustu presta.

Framlög til kirkjugarða 2005-2018



Framlög til kirkjugarðanna voru í samræmi við samkomulagið til ársins 2009 en eftir það hafa fjárheimildir verið skornar niður og vantar nú um 3,4 milljarða króna upp á að staðið hafi verið við samninginn. Á yfirstandandi ári vantar 460 m.kr. ætti að vera 1.592 m.kr. en eru 1.132,2 m.kr.

Rekstur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæmis 2011 til 2016

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæmis (KGRP) er langstærsti rekstraraðili kirkjugarða hér á landi. Niðurstaða af rekstri KGRP var sem hér segir á árinum 2011 til 2016 talið í milljónum króna:

	(Tap)/ hagnaður	Rekstrarniðurstaða*
2017:	27.880.467**	26.812.510
2016:	(63.446.177)	(66.201.688)
2015:	39.870.162***	(28.640.741)
2014:	(24.489.320)	(31.620.953)
2013:	25.067.005****	4.470.501
2012:	(4.732.236)	(16.320.618)
2011:	(6.688.811)	(32.629.206)

*)Fyrir fjármagnsliði og afkomu hlutdeildarfélagis.

***) Mikill niðurskurður í rekstri ásamt mun lægri gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga en gert var ráð fyrir, skilaði rekstrarreikningi með afgangi. Endurspeglar ekki rekstrarbata.

****) Jákvæða niðurstöðu 2015 má rekja til 68 m.kr. einskíptis leiðréttingar vegna vangreiðslna 2009 til 2015.

*****) Hefðu KGRP ekki notið hlutdeildar í afkomu dótturfélags, leigutekna og framlags úr kirkjugarðasjóði hefði hallinn á rekstri garðanna orðið 28,9 m.kr. árið 2013.

Lífeyrisskuldbindingar

Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastdæma ber lögum samkvæmt að leggja til hliðar fjármuni í sérstakan sjóð til að mæta áföllnum lífeyrisskuldbindingum starfsmanna. Í árslok 2017 námu eftirlaunaskuldbindingar KGRP samtals 409,2 milljónum króna. Hefur samsvarandi upphæð verið tekin til hliðar á undanföllum árum og talin fram sem eign garðanna í ársreikningum. Ekki er heimilt að nýta þetta fé til almenns reksturs garðanna. Því er ekki um varasjóð að ræða heldur fjármuni sem búið er að ráðstafa.

Viðbrögð kirkjugarðanna við niðurskurði

Brugðist hefur verið við skertum tekjum með margvíslegum hætti. Áætlað er að á árunum 2011 til 2017 hafi rekstur KGRP, sem eru langstærstu kirkjugarðar landsins, verið skorinn niður um rúmlega 700 m.kr. Auk þess hafa KGRP ekki getað fylgt eftir byggingaáformum á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð, s.s. byggingu líkhúss og athafnarýmis þar. Þetta hefur verið gert með því að hagræða og skera niður almennan rekstur, fresta endurnýjun og viðhaldi véla og mannvirkja, fresta framkvæmdum, skera niður launakostnað og draga úr umhirðu garðanna. Niðurskurður á umhirðu er víða kominn að velsæmis-mörkum og mannvirki liggja undir skemmdum.

Næstu skref

Verði ekkert að gert þarf að halda áfram að skera niður rekstrarkostnað og liggur þá beint við að beina sjónum að þjónustu sem nú er veitt endurgjaldslaust en er ekki hluti af lögbundnum verkefnum kirkjugarðanna.

Starfræksla líkhúsa og athafnarýma vegna útfara er ekki hluti af lögbundinni þjónustu kirkjugarða. Lokun líkhúsa og athafnarýma myndi spara um 60 milljóna króna útgjöld á ári hjá KGRP en hallinn á rekstri garðanna var 63,5 m.kr. árið 2016, þrátt fyrir mikinn niðurskurð og frestun framkvæmda.

Næsta skref til að stöðva hallarekstur er að draga enn frekar úr umhirðu á elstu svæðum garðanna.

Til skoðunar hlýtur að koma að segja upp samningnum frá 2005 þegar hann kemur næst til endurnýjunar 2019 og/eða að höfða mál vegna samningsbrota.

Nauðsynlegar úrbætur á rekstrarumhverfi

Yfirfara þarf samkomulag ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 og skilgreina upp á nýtt til hvaða lögbundnu verkefna það á að taka. Að því loknu þarf að leiðrétta einingaverð, þannig að gjaldalikanið meti raunverulegan kostnað kirkjugarðanna við lögbundna þjónustu.

Áætlað er að hækka þurfi núverandi ársframlag til kirkjugarða um 460 milljónir króna til að bæta upp um 40% skerðingu framlaga frá því samningurinn við ríkið var gerður 2005.

Lögfesta þarf frumvarp sem liggur tilbúið í ráðuneytinu þar sem lagt er til að kirkjugarðar fái að innheimta gjald fyrir afnot af líkhúsum og athafnarýmum.

Í leiðréttu greiðslulíkani þarf að gera ráð fyrir viðbótarframlagi til að standa strauum af útfarargreiðslum til presta og þeirra sem annast útfarir innan annarra trúeða lífsskoðunarfélaga. Undanfarin ár hafa greiðslur til þessara aðila verið teknar af greftrunargjaldi kirkjugarðanna. Slík ráðstöfun gæti, ásamt aðstöðugjaldi í líkhúsi og gjaldtöku vegna athafnarýma dregið úr fjárþörf garðanna um 145 milljónir króna á ári.

Fækkun starfsfólks, aukið álag og enn meiri niðurskurður



Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæmis

„Síðustu 10 ár hefur þurft að fækka sumarstarfsfólki sem annast umhirðu kirkjugarða KGRP úr 160 í 60. Þetta hefur óhjákvæmilega komið niður á umhirðu garðanna. Þá hefur ástandið einnig þýtt aukið álag á fasta starfsmenn því þrátt fyrir vaxandi umsvif KGRP og stækkun umhirðusvæða hefur ekki verið hægt að bæta við föstum starfsmönnum síðan 1995,“ segir Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma.



Kirkjugarðar Akureyrar

„Rekstur Kirkjugarða Akureyrar er kominn í ógöngur og rekstri þeirra verður vart haldið áfram með óbreyttu sniði,“ segir Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri garðanna. „Undanfarin ár hefur endurnýjun og viðhald mannvirkja og búnaðar verið látið mæta afgangi til að hægt væri að halda áfram góðri umhirðu. Nú getum við ekki trassað þennan þátt lengur því það er orðið brýnt að ráðast í viðgerðir víða. Því þurfum við nú að draga úr umhirðu og spurning hvort við neyðumst ekki til að hætta að sinna verkefnum sem ekki eru lögbundin, eins og rekstri líkhúss og athafnarýma.“



Kirkjugarður Garðasóknar

Rekstur Garðakirkjugarðs á Álftanesi hefur verið þungur undanfarin ár og árlegt tap á rekstrinum hefur verið 5-6 milljónir króna. Um hefðbundinn rekstur er að ræða og ekki neinum sérstökum aukaútgjöldum til að dreifa sem útskýra hallareksturinn eins og tækjakaup eða meiriháttar viðhald. „Við, eins og aðrir garðar treystum á úthlutanir frá stjórnvöldum en að óbreyttu sjáum við fram á að þurfa að skera niður í rekstrinum sem mun bitna á umhirðu garðsins og valda þeim aðstandendum óþægindum sem koma þangað til að heimsækja ástvini,“ segir Snævar Andrésson, kirkjuhaldari og umsjónarmaður Garðakirkjugarðs.

Í hnotskurn

2004. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæma og Kirkjugarðar Akureyrar hófu innheimtu líkhúsgjalds til að standa straum af kostnaði við rekstur líkhúsa, sem er utan lögboðins hlutverks þeirra. Gjaldtökunni var hætt 2006 eftir að henni var vísað til umboðsmanns Alþingis, sem komst að þeirri niðurstöðu að lagastöð skorti fyrir innheimtu gjaldsins.

2005. Samkomulag milli kirkjugarðaráðs og fjármálaráðuneytis um nýtt gjaldalíkan undirritað 15. apríl. Því var ætlað að fjármagna öll útgjöld vegna lögbundinna verkefna kirkjugarðanna á grundvelli einingarverðs fyrir einstaka verkþætti í rekstri þeirra.

2006. Umboðsmaður beinir tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um að taka af allan vafa í lögum um kirkjugarða um heimild þeirra til gjaldtöku. Ráðuneytið hefur enn ekkert aðhafst þrátt fyrir ítrekanir umboðsmanns.

2009. Framlög til kirkjugarðanna skert í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Einingaverð gjaldalíkansins var lækkað og þar með grunnur gjaldsins til framtíðar, í stað þess að reikna einingaverð upp og skerða síðan.

2011. Aðhalds- og niðurskurðaraðgerðir hefjast fyrir alvöru eftir raunskerðingu á framlögum til kirkjugarðanna frá árinu 2009. Dregið úr viðhaldi eigna og umhirðu, sumarstarfsfólki fækkað.

2015. Vegna mistaka í útreikningum fjármálaráðuneytis voru framlög til kirkjugarðanna 133 milljónum króna lægri á árunum 2009 – 2015 en forsendur ráðuneytisins sögðu til um. Þessi reiknivilla, sem var aðeins hluti skerðingarinnar á þessum tíma, var leiðrétt í fjáráukalögum 2015. Tölum kirkjugarða og Hagstofu um

fjöldi tekinn grafa á árunum 2005 – 2015 bar ekki saman og því fengu garðarnir 22,9 milljónum króna lægra framlag en ef stuðst hefði verið við rauntölur kirkjugarðanna.

2016. Af 20 stærstu kirkjugörðum landsins voru allir nema 3 reknir með tapi árið 2016 og var samanlagt tap þeirra 11,5% af tekjum. Samanlagt tap 17 stærstu kirkjugarða landsins nam rúmlega 90 milljónum króna 2016. Þar af nam tap Kirkjugarða Reykjavíkur, 63,5 milljónum króna.

2017. Einingarverðin í gjaldalíkani samningsins við ríkið frá 2005 skila einungis 60% af því sem þau hefðu gert ef líkanið hefði ávallt verið reiknað upp skv. ákvæðum samningsins.

2018:

- Samtals hafa framlög til kirkjugarðanna verið skorin niður um 3,4 milljarða króna að nafnvirði miðað við samkomulagið frá 2005.
- Langstærsti útgjaldaliðurinn í rekstri kirkjugarðanna er launakostnaður sem telur allt að 82% af lögbundnum tekjum hjá stærstu gördunum, Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastdæma.
- Alls eru um 250 kirkjugarðar í landinu og yfir þeim eru 236 ólaunaðar stjórnir.
- Þrátt fyrir ítrekaða fundi með stjórnvöldum og endurteknar greiningar og skýrslur hefur ekki fengist leiðrétting á þeirri skekkju sem breyting á gjaldagrunni samningsins frá 2005 hefur valdið.
- Í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar (2019–2023) frá því í mars s.l. er ekki að finna neinar leiðréttingar til að ráða bót á þeim rekstrarvanda sem forráðamenn kirkjugarða hafa gert ráðamönnum grein fyrir á undanförunum misserum og árum.





Tillögur um lausn á rekstrarvanda kirkjugarða

Á fundi með dómsmálaráðherra í lok júlí kynntu forsvarsmenn Kirkjugarðasambands Íslands tillögur sínar um fyrstu skref til lausnar á rekstrar-

vanda kirkjugarðanna. Tillögurnar hafa einnig verið sendar Fjárlaganefnd Alþingis.

Árið 2005 gerðu ríkið og kirkjugarðaráð samning um greiðslur sem áttu að duga til að standa straum af heildarkostnaði við lögbundin verkefni kirkjugarða, þ.m.t. rekstur, endurbætur og uppbyggingu tækjabúnaðar og húsakosts. Framlög ríkisins voru í samræmi við samkomulagið fram til ársins 2009 en í kjölfar efnahagshrunsins lækkaði ríkið einingaverð í gjaldalikani samningsins einhliða og skar þar með niður fjárframlög til kirkjugarðanna. Á tímabilinu 2009 til 2018 vantar samtals um 3,4 milljarða króna að nafnvirði upp á að framlög til kirkjugarðanna hafi verið í samræmi við samninginn við ríkið. Þetta hefur valdið vaxandi vandræðum í rekstri kirkjugarða víða um land á undanförunum árum.

Tillögurnar

Tillögurnar sem lagðar voru fyrir Sigríði Andersen dómsmálaráðherra taka til kostnaðar vegna lögbundinna verkefna garðanna. Þær myndu leiðrétta um 2/3 þeirrar skerðingar sem orðið hefur vegna lækkunar á einingaverðum gjaldalikansins frá árinu 2009. Tillögurnar eru þessar:

1. Lagt er til að kirkjugarðarnir fái 150 m.kr. viðbót við uppreiknað framlag 2019 og að sú viðbót verði reiknuð inn í einingaverð gjaldalikansins við fjárlagagerðina sem nú stendur yfir.
2. Við fjárlagagerð á næsta ári, vegna ársins 2020, fái kirkjugarðar aftur 150 m.kr. viðbót sem yrði einnig reiknuð inn í einingaverð gjaldalikansins. Með þessum aðgerðum væri búið að hækka einingaverðin um 300 m.kr. árið 2020 miðað við framlagið á yfirstandandi ári. Þar með væri búið að leiðrétta um 2/3 þeirrar lækkunar sem varð á einingaverðum á árunum 2009-2018. Tillögurnar miða við lögbundin verkefni kirkjugarðanna.
3. Lagt er til að í greiðslulíkanið komi viðbótarframlag til að unnt verði að standa straum af útfarargreiðslum til presta og þeirra sem annast útfarir annarra trú- og lífsskoðunarfélaga. Ríkið ákvað á sínum tíma að þessi útgjöld skyldu tekin af greftrunargjaldi kirkjugarðanna. Það hefur síðan ákveðið einhliða að hækka þessa greiðslu um rúm 80% án þess að augin fjárframlög kæmu til kirkjugarðanna til að mæta þeim útgjöldum.
4. Kirkjugörðum verði með lagabreytingu heimilað að taka upp gjald vegna reksturs líkhúsa og athafnarýma.

5. Samningur ríkisins og kirkjugarðaráðs um fjármál kirkjugarðanna kemur næst til endurnýjunar árið 2019. Lagt er til að fram að fjárlagagerð 2020 verði tíminn notaður til að ganga frá nýju samkomulagi. Í því verði skilgreint mun nákvæmar en gert var 2005 hvaða lögbundnu verkefnum kirkjugörðunum beri að sinna.

Niðurskurður

Á síðustu árum hefur verið brugðist við skertum tekjum kirkjugarðanna með því að hagræða, skera niður kostnað og draga úr umhirðu og viðhaldi mannvirkja. Víða hefur reynst erfitt að greiða jarðverktökum eðlilega þóknun fyrir störf þeirra í þágu garðanna.

Áætlað er að á árunum 2011 til og með 2017 hafi rekstur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma (KGRP), sem eru langstærstu kirkjugarðar landsins, verið skorinn niður um rúmlega 700 milljónir króna. Þetta hefur verið gert með því að hagræða og skera niður almennan rekstur, fresta endurnýjun og viðhaldi véla og mannvirkja, fresta framkvæmdum, skera niður launakostnað og draga úr umhirðu garðanna. Vegna fjárskorts hefur á síðustu 10 árum þurft að fækka sumarstarfsfólki sem annast umhirðu kirkjugarða KGRP úr 160 í 60. Þá liggja mannvirki víða undir skemmdum vegna skorts á viðhaldi og umhirðu. Ekki hefur verið hægt að hrinda í framkvæmd áformum um byggingu líkhúss og athafnarýmis við Gufuneskirkjugarð né reisa þjónustuhús í Kópavogskirkjugarði.

Verði ekkert að gert þarf að halda áfram að skera niður

rekstrarkostnað og draga enn frekar úr viðhaldi og umhírðu á elstu svæðum kirkjugarðanna. Þá liggur beint við að beina sjónum að þjónustu sem nú er veitt endurgjaldslaust og er ekki hluti af lögbundnum verkefnum kirkjugarðanna, þar á meðal er rekstur líkhúsa og athafnarýma vegna útfara.

Mun hærri greiðslur í Svíþjóð

Stjórn Norræna kirkjugarða- og bálstofusambandsins vinnur að samanburði á greiðslum ríkis, kirkju og sveitarfélaga til kirkjugarða og bálstofa í hverju landi. Nú liggja fyrir tölur frá Íslandi og Svíþjóð og beðið er svara frá öðrum Norðurlöndum. Tölurnar sýna að Svíar greiða 79% hærri upphæð til kirkjugarða með hverjum íbúa en Íslendingar og 28,5% meira með hverjum látnum einstaklingi. Lægri upphæð á hvern látinn, skýrist af því að dánarhlutfall í Svíþjóð er 0,92% af íbúatölu en á Íslandi er hlutfallið 0,66%. Í íslenskum krónum er heildarframlagið 57,2 milljarðar í Svíþjóð en á Íslandi er það rúmur milljarður.

Land	Framlag 2017	Íbúafjöldi 2017	Látinir 2017	Kostn./íbúa	Kostn./látinir
Svíþjóð	57.200.000.000	9.995.153	91.972	5.723	621.928
Ísland	1.083.900.000	338.349	2.239	3.203	484.100

Ljóst er að Svíar leggja mun meira hlutfallslega til kirkjugarða og bálstofa og samkvæmt bráðabirgðatölum virðast hinar Norðurlandabjórinnar einnig búa betur að málaflöknum í sínu landi.

Aukin dánartíðni

Með sífelld hækkingu meðalaldri hefur öldruðum hér á landi fjölgað hlutfallslega mikið á síðustu áratugum. Á næstu áratugum má gera ráð fyrir að aldursdreifing nái aftur meira jafnvægi með stórauðinni dánartíðni í elsta aldurshópnum.

Mannfjöldaspá Hagstofunnar miðar við að fjöldi látinna á hverja þúsund íbúa á Íslandi muni hækka úr 6,6 dauðsföllum árið 2017 í 9,5 árið 2050. Fjöldi látinna á Íslandi mun samkvæmt því fara úr 2.251 árið 2017 í 4.132 árið 2050 sem er aukning um 83,5%. Þessari fjölgun þurfa kirkjugarðar landsins að geta mætt svo sómi sé að.

LÍKKISTUR – HVÍTAR OG SPÓNLAGÐAR



Stígandi framleiðir vandaðar líkkistur, bæði hvítar og spónlagðar í þeirri viðartegund sem kaupandi óskar eftir.

Stígandi framleiðir vandaðar líkkistur, bæði hvítar og spónlagðar í þeirri viðartegund sem kaupandi óskar eftir.

Sendum hvert á land sem er.



TRÉSMÍÐJAN STÍGANDI
/FAGMENN Í TRÉVERKI SIÐAN 1947

Húnabrut 29 - 540 Blönduósi - Sími 452 4123
gummi@stigandihf.is - www.stigandihf.is


Guðmundur Rafn Sigurðsson skrifar

Hleðslumaðurinn og lífspekingurinn Sveinn Einarsson frá Hríjót

Um verslunarmannahelgina 1984 var auglýst hleðslunámskeið í nágrenni Reykjavíkur þar sem helstu hleðslumenn landsins áttu að leiðbeina. Ég var nýlega kominn úr námi frá Noregi og hafði tekið að mér að sjá um skrudgarðyrkjubrautina á Garðyrkjuskóla ríkisins í Reykjum í Ölfusi. Námskeiðið var því kjörið tækifæri fyrir mig til að kynna mér hina fornu verkþekkingu að hlaða úr torfi og grjóti.

Fljótlega vakti athygli mína einn leiðbeinandinn á námskeiðinu, en viðmót hans og verklag höfðaði strax til

mín. Þegar tækifæri gafst gaf ég mig á tal við hann og sagðist hann heita Sveinn Einarsson og byggði á Egilsstöðum en kenndi sig við fæðingarstað sinn Hríjót í Hjaltastaðaþinghá. Eftirtektarvert var að sjá hversu hvetjandi og góður leiðbeinandi Sveinn var og hversu gott lag hann hafði á að fá fólk til að trúna á verkefnið og um leið getu sína til að leysa það. Spurði ég hann hvort hann væri til í að koma og vera með verklega kennslu fyrir nemendur í skrudgarðyrkjubraut Garðyrkjuskólans og var það auðsótt mál. Kom hann nokkur skipti í skólann og var með verklega kennslu í torf- og grjóthleðslu. Ég tel



Sveinn á vinnustofunni sinni þar sem hann tálgaði úr tré, einkum á veturna á sínum efri árum.

Ljós. Magnús Reynir Jónsson.

víst að það hafi glætt áhuga, skilning og kunnáttu tilvonandi skruðgarðyrkjumeistara á hinu forna verklagi sem gengið hefur milli kynslóða öld fram af öld.

Er Sveinn var spurður í viðtali í blaðinu Torfumóðir árið 1984 um tilurð þess að hann fór að hlaða svaraði hann: „Ég hafði heyrt að það væri mikill vandi að hlaða vegg og ekki á allra færi og trúði ég því. En sex ára var ég sendur til næsta bæjar og stóð svo á að menn voru að gera við gamla fjárrétt. Þegar ég kom að réttinni sá ég mann taka upp steinvölu hnefastóra, leggja á veggbrúnina. Ég var steini lostinn, þetta var þá enginn vandi, þetta gátu allir. Því hef ég trú að til þessa, allir geta lagt stein í vegg eins og sagt var, aðeins misjafnlega vel.“

Sprelllifandi öldungur

Vorið 1992 tók ég við starfi umsjónarmanns kirkjugarða. Eitt fyrsta verk mitt var að fara á fund í Hvalneskirkjugarði til að ræða um endurnýjun á umgjörð kirkjugarðsins. Voru menn að velta fyrir sér hvaða efni ætti að velja. Undir áhrifum frá Sveini sagði ég kokhraustur: „En hvað með að hlaða?“ Það var smá þögn og síðan sagði einhver: „Er ekki síðasti hleðslumaðurinn dáinn?“ Sagðist ég vita um a.m.k. einn sem væri sprelllifandi, væri reyndar kominn yfir áttætt. Spurði hvort ég mætti ekki heyra í honum um að taka þetta verk að sér. Daginn eftir var ég mættur út á Reykjavíkurlflugvöll að taka á móti Sveini sem kom út úr vélinni með svefnpoka undir hendinni og vildi strax fara út í Hvalsnes. Þar biðu hans formaður sóknarnefndar og nokkrir aðstoðarmenn. Byrjað var að fara með fiskikör uppá Miðnesheiði og þau fyllt af hleðslugrjóti. Er ekki að orðlengja það að á tæpum mánuði var lokið við tvíhlaðinn vegg sem var rúmlega 100 metra langur. Var aðáunarvert að sjá afköstin og hversu jafnt og þétt verkinu miðaði undir öruggri stjórn Sveins.

Í viðtali í blaðinu Torfumóðir árið 1984 sagði Sveinn:

„Vinnan getur verið erfið og létt eftir því hvernig hún er unnin. Mér finnst hún létt og fara vel með líkamann, en ég vinn þannig að ég fer hægt að, held jafnt áfram, en gefst ekki upp. Þá vinnuaðferð tel ég skila mestum afköstum og bestu verki auk þess að verða ekki þreyttur um of. Lífsspeki mín er einföld, eða öllu heldur engin; ég hef hjakkað í sama farinu alla ævi. Ég á við, reynslan, sem kölluð er og var góð og gild í gær, passar ekki í dag því hann er nýr og ég orðinn einum degi eldri, viðhorfið breytt. Ef til vill er það einmitt þetta sem gefur lífinu lit og gildi. Mér finnst lífsspekin vera mest í því að vera fljótur að aðlagast nýjum lífsháttum og samferðafólki á langri leið. „Glaðr ok reifr skyli gumna hverr, uns biðr bana“. Þessa hendingar úr Hávamálum heyrði ég sem barn og þótti góð og þykir enn.“

Náttúrulegar hleðslur

Þegar ég sá hversu vel tókst til við hleðslu umhverfis kirkjugarðinn á Hvalsnesi spurði ég Svein hvort hann gæti hugsað sér að taka að sér fleiri verk. Var hann fljótur að samþykkja það, en með því skilyrði að ég yrði bilstjórinn hans.

Næstu tvö ár, þ.e. 1992 og 1993, fórum við víða um land og hef ég sjaldan haft skemmtilegri ferðafélaga. Hann gjörþekkti heim og söguvið fornsagnanna og lifði sig svo inn í atburðarás þeirra að ætla mætti að hann hafi verið í hópi þeirra manna sem þá riðu um héruð. Hann tengdi fornsögurnar við flesta þá staði sem farið var um eða unnið á, sem voru auk Hvalsness, Miðdalur við Laugarvatn, Hagi á Barðaströnd, Staðarstaður, Hellnar á Snæfellsnesi, Hrafnseyri og síðast Staður á Reykhólum. Á öllum þessum stöðum naut Sveinn góðrar aðstoðar heimamanna og naut þess að kynnast og vinna með nýju og nýju fólki. Hafði hann fullan hug á að halda áfram þessari vinnu og var m.a. ætlunin að fara út í Grímsey og



Hlaðinn garður við Hallormsstaðakirkjugarð þar sem Sveinn hvílir nú.



Tveir góðir. Sveinn Einarsson og Andrés Pálsson á Hjalmsstöðum við kirkjugarðsvegginn í Miðdal við Laugarvatn.

hlaða þar kringum kirkjugarðinn. Ekkert varð úr því, þar sem örlögin gripu inni og lést Sveinn þann 3. apríl 1994 eftir stutt veikindi. Hvílir hann í kirkjugarðinum á Hallormsstað sem hann hlóð upp árið 1980 og er gott dæmi um efnistöð og handbragð Sveins.

Sveinn lagði áherslu á að velja efni úr nærumhverfinu, vanda undirstöður undir vegg, hafa útbrún á vegg með jöfnum halla frá undirstöðu að brún. Hlóð hann eftir auganu og notaðist ekki við skapalón. Fyrir vikið urðu hleðslur hans náttúrulegar og féllu vel að umhverfinu. Hann notaði náttúrulegt form steinanna sem mest. Lagaði þá stundum til með hamrinum einum en hjó þó aldrei meira en nauðsynlegt var. Hann gæðaflokkaði grjóttegundir og taldi besta hleðslugrjótið vera það sem væri með sléttum fleti. Hann sagði að besta torfið væri reiðingstorf þ.e. torf sem skorið er í votlendi.

Ótrúlegt ævistarf

Árið 1936 hóf Sveinn búskap en lét af honum haustið 1967 og hóf vinnu hjá skógræktinni á Hallormsstað, þá að nálgast sextugt. Í framhaldinu átti Sveinn eftir að vinna víða um land við hleðslur og endurbyggingu húsa úr torfi og grjóti. Af verkum sem hann vann við má nefna endurbyggingu torfbæjarins á Sænautaseli í Jökuldal, súlnagöng á Skriðuklaustri, Ósvör verbúð í Bolungarvík, sæluhús á Steingrímsfjarðarheiði, Lónið á Seyðisfirði, Galtastaði fram, Burstafell, Klappagerði í Árbæjarsafni, hleðslu við Gljúfrastein í Mosfellsdal auk fjölda einkalóða, minnisvarða og kirkjugarðanna sem fyrr eru nefndir. Þegar litið er yfir ævistarf Sveins er ótrúlegt að sjá hverju hann áorkaði, sérstaklega þegar horft til þess hversu fullorðinn hann var þegar hann fór alfarið að

helga sig hinni rammíslensku byggingarlist að byggja úr torfi og grjóti. Ekki má heldur gleyma útskurðinum sem hann fór að stunda á efri árum, mest á veturna. Væri það verðugt verkefni að skrásetja og mynda ævistarf Sveins, en hann hélt í gegnum árin dagbók þar sem mörgum af þessum verkum er lýst.

Okkur sem nutum þeirra forréttinda að fá að kynnast Sveini og vinna með honum þótti mikið til hans koma, ekki bara sem handverksmanns heldur ekki síður sem persónu, en eins og vinur hans Eysteinn Björnsson komst svo vel að orði í minningarorðum um hann:



Hleðslumaður við Hvalsnes að loknu verki.



Sveinn við störf á Haga á Barðaströnd árið 1993.

„Sveinn var mjög sjálfstæður og frumlegur í hugsun, óþreytandi að ræða hin ólíkustu málefni og var einkar lagið að varpa nýju ljósi á hefðbundin viðhorf. Hann var alltaf jafn lifandi og einlægur í leit sinni að lausn lífs-



Greinarhöfundur og Sveinn í verknámskennslu fyrr á tíð í Garðyrkjuskólanum á Reykjum.

gátunnar og svo heimspekilega þenkjandi að unun varð að að hlýða. Hann var sannur heimspekingur eða öllu heldur lífsspekingur.“

Minningarmark um Svein Einarsson

Sveinn Einarsson var mjög eftirminnilegur maður en ég kynntist honum fyrst þegar ég sat námskeið sem hann hélt árið 1993 á Hvanneyri en þar kenndi hann okkur handbragð og þau vísindi sem standa að baki góðri grjóthleðslu. Á þessu námskeiði gerði ég blýants-teikningu af Sveini en hún var síðan notuð á minningarmarkið sem honum var reist í kirkju-garðinum á Hallormsstað þar sem hann hvílir.“



Þetta segir listamaðurinn Páll Guðmundsson á Húsafelli en hann er víðkunnur fyrir höggmyndir sínar sem bera list hans og handbragði sterkt vitni, hvar sem þeim er fyrir komið. Að sögn Páls náðu þeir Sveinn strax góðu sambandi á námskeiðinu og m.a. bauð hann honum vestur á Húsafell þar sem margt var skrafað. Páll skar vangamynd af Sveini í rauðastein úr Húsafellsgili meðan á námskeiðinu stóð og var hún felld inn í vegginn sem nemendur hlóðu við gáfl skólahússins á Hvanneyri.

„Þegar mér var falið að gera minningarmark um Svein að honum látnum, datt okkur í hug að nota þessa skissu úr kompunni minni en þar er að finna fjölda blýantsteikninga eftir eftirminnilegt fólk sem ég hef hitt í gegnum tíðina. Teikningin var skorin í masónit og sáu snillingarnir í málmsteypunni Hellu um að gera lágmynd úr þessu í kopar. Hún er svo fest á líparítstein sem við fundum á Borgarfirði eystri og verkinu komið fyrir á leiði Sveins austur í Hallormsstað. Mér finnst þetta lýsa Sveini afar vel og einkennismerkið hans, lopahúfan, er að sjálfsögðu á sínum stað.“



Páll á Húsafelli með blýantsteikninguna af Sveini Einarssyni hleðslumeistara.

Fólk vill að kirkju- garðurinn sé fallegur og vel hirtur

Rætt við Halldór Hallgrímsson, kirkjugarðsvörð í Vestmannaeyjum

Í mínu tilfalli er ég bæði kirkjuvörður Landakirkju og kirkjugarðsvörður og þar af leiðandi snýst starf mitt yfir veturinn meira um kirkjuna og kirkjustarfið en



Halldór Hallgrímsson, kirkjugarðs- og kirkjuvörður í Vestmannaeyjum.

Ljósmynd: Þórsteinn Ragnarsson.

kirkjugarðinn á sumrin. Það skiptir miklu máli að halda kirkjugarðinum vel hirtum og fallegum, þannig vill fólk hafa hann og maður fær fljótt að heyra ef eitthvað má bæta í umhirðu garðsins,“ segir Halldór Hallgrímsson, kirkjugarðsvörður í Vestmannaeyjum. Hann hefur starfað við Landakirkju í bráðum 30 ár en kirkjugarðurinn í Eyjum á sér sögu allt aftur til 1631 þegar fyrstu heimildir eru um greftrun í garðinum. Í dag eru um þrjú þúsund skráð leiði í garðinum sem nýlega fékk samþykki fyrir einum hektara lands til stækkunar.

Unglingar í umhirðunni á sumrin

Halldór segir að árið um kring þarfnist kirkjugarðurinn umhirðu og eftirlits en mesta umferðin um garðinn á veturna er í kringum stórhátíðar, sérstaklega jól og áramót. Þá eru ljósakrossar settir á leiði. „Stundum setur niður snjó hér í Eyjum og þá þarf að skafa stíga í garðinum. En þegar skóla lýkur á vorin þá fáum við sumarstarfsmennina og þar með fer sumarstarfið í kirkjugarðinum í fastar skorður,“ segir Halldór en yfir sumartímann starfa fimm unglíngar við garðslátt og hirðingu kirkjugarðsins. Hann segir mjög mismunandi í kirkjugörðum landsins hvernig þeim málum er háttað. Í sumum tilfellum ráði kirkjugarðar verktaka til að annast reglubundinn slátt. „Við önnumst alfarið alla umhirðu í garðinum sjálf en aðstandendur sjá síðan um blómskreytingar og slíka þætti sem snúa að leiðunum sjálfum.“

Nægt landrými næstu áratugi

Halldór segir umsjón með útförum og greftrunum stóran þátt í hans starfi. „Grafirnar sjálfar eru teknar með gröfu og ég þarf að fylgja því eftir en síðan höfum við alltaf haft þann háttinn á að handmoka moldinni í grafirnar og ganga frá þeim með handverkfærum. Þar af leiðandi er moldin alltaf höfð við hliðina á gröfunum en það er orðið mjög breytilegt milli kirkjugarða hvernig menn standa að þessum verkþætti,“ segir Halldór.



Um 3000 leiði eru nú skráð í garðinum.

„Í garðinum eins og hann er í dag höfum við rými til greftrana næstu 4-6 ár en með þessari stækkun sem nú hefur verið samþykkt höfum við nægt rými næstu 30-40 árin. Við erum því ágætlega sett til næstu framtíðar,“ segir Halldór en líkt og víða annars staðar voraði snemma í ár og fyrsti sláttur var í fyrstu viku maímánaðar.

Mikil umferð ferðafólks

Eins og áður segir eru fyrstu heimildir um greftrun í kirkjugarðinum í Vestmannaeyjum frá 1631. Þó í honum séu um 3000 skráð leiði þá eru elstu skráningar aðeins um 100 ára gamlar og því talsvert miklu fleiri sem jarðsettir hafa verið í garðinum í gegnum aldirnar. Kirkjugarðurinn fór undir þykkt öskulag í Vestmannaeyjagösinu á sínum tíma en Halldór segir engar skemmdir hafa orðið á honum að öðru leyti. Þykkt öskulagsins var 1,5-2,5 metrar og er talið að um 200 þúsund rúmmetrum af ösku hafi verið mokað út úr garðinum en fjöldi sjálboðaliða kom að því mikla verki, bæði hérlendir og erlendir.

Halldór segir fjölda fólks heimsækja garðinn árið um kring, bæði heimamenn og ferðafólk. „Við erum hér í nágrenni Eldheima og hér fer því um garðinn mikill fjöldi ferðamanna sem þykir gaman að skoða garðinn. Kirkjugarðar hafa alltaf ákveðið aðdráttarafl og ég finn það t.d. hjá mér sjálfum að þegar ég fer um landið þá vil ég gjarnan skoða kirkjugarða, ekki sist vegna þess hversu fjölbreytilegir þeir eru.“

Brennsla verður algengari

Halldór segir að líkbrennsla og jarðsetning á duftkerjum færist í vöxt í Vestmannaeyjum líkt og annar staðar.

„Hér í Eyjum eru um 30 útfarir að jafnaði á ári og þar af höfum við mörg undanfarin ár verið með 4-5 duftker árlega. Í fyrra fjölgaði þeim hins vegar í 11, þ.e. þriðjung af útförum og því er greinilega að aukast áhugi fólks fyrir þessu. Hver ástæðan er veit ég ekki en almenn umhverfisumræða kann að hafa einhver áhrif á þetta. Þessi þróun hefur vitanlega líka þau áhrif að þörf kirkjugarðanna fyrir landrými í framtíðinni verður minni ef hún heldur áfram með sama hætti og verið hefur,“ segir Halldór.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Snjallöryggis-
appið er afar
einfalt í notkun



**Aukaskynjari
í þakkann
og fyrsti
mánuðurinn frír**

KOMDU Í HÓP SNJALLRA VIÐSKIPTAVINA

- öryggiskerfi sem þú hefur í hendi þér.

Þú getur stýrt **Snjallörygginu** þínu hvar og hvenær sem er og búið til þínar eigin snjallreglur.

Með **Snjallöryggisappinu** getur þú:



Gert öryggiskerfið
virkt og óvirkt



Fylgst með hvort
hurðir séu opnar



Fylgst með
hitastigi



Opnað fyrir myndavélar
og upptökur



Fylgst með
reykskynjara



Fengið tilkynningu
um vatnsleka



Stjórnað lýsingu
með snjallperum



Stjórnað
raftækjum

SNJALLÖRYGGISPAKKAR



SNJALLÖRYGGI 3

Stjórnstöð +3 skynjarar
Stjórnborð að eigin vali
Sírena (hámark 1 hreyfiskynjari
með myndavél)

4 flögur

Verð 6.900 kr. á mán.

Val um skynjara í þökkum: Hreyfiskynjari með myndavél - Hefðbundinn hreyfiskynjari - Reykskynjari - Hurðarrofi - Vatnsskynjari
Uppsetningarkostnaður: 19.900 kr.

SNJALLÖRYGGI 5

Stjórnstöð +5 skynjarar
Stjórnborð að eigin vali
Sírena (hámark 1 hreyfiskynjari
með myndavél)

4 flögur

Verð 7.900 kr. á mán.

SNJALLÖRYGGI 7

Stjórnstöð +7 skynjarar
Stjórnborð að eigin vali
Sírena (hámark 2 hreyfiskynjarar
með myndavél)

4 flögur

Verð 8.900 kr. á mán.



ÞÚ STJÓRNAR
VIÐ VÖKTUM



SNJALLÖRYGGI